

Jafnræði kynjanna

ÞÍNIR STYRKLEIKAR

Hvaða styrkleika



hefur þú?

STYRKLEIKAR OG KYNLÍF

Hvaða styrkleika er gott
að hafa/þjálfra þegar
kemur að
kynlífssamböndum?



JAFNRÆÐI

Hvað þýðir
jafnræði?



JAFNRÆÐI OG KYNLÍF

Hvað einkennir
kynlífs-
sambönd þar
sem jafnræði
ríkir?



STAÐALMYNDIR



Hver er munurinn á
karlmennsku og
kvenleika?



Er þessi flokkun
hjálpleg þegar kemur
að kynlífi?




Er kannski margt
sem er okkur
sameiginlegt, óháð
kyni?

Jafnræði kynjanna

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Þar segir: „Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allt fólk skal eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.“



Lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 í II. kafla
um rétt einstaklingsins til að skilgreina kyn sitt
segir í 3. grein: Sérhver einstaklingur nýtur, í samræmi við aldur og þroska, óskoraðs réttar til:

- a. að skilgreina kyn sitt.
- b. viðurkenning á kyni sínu, kynvitund og kyntjáningu.
- c. að þroska persónuleika sinn í samræmi við eigin kynvitund.
- d. líkamlegrar friðhelgi og sjálfræðis um breytingar á kyneinkennum

Staðalmyndir kynjanna

Hvað þykir passa við kynin 3?

Undirgefni

Að varast árekstra

Tuð

Að sýna völd

Ákveðni

Hugrekki

Að stýra atburðarásinni

Styrkur

Að eiga frumkvæði

Að sýna samúð

Viðkvæmni

Pirringur

Rómantík

Að sýna umhyggju

Að sýna tilfinningar

Rökfesta

Að vera alltaf til í kynlíf

Að eiga tilkall til kynlífs

Grátur

Agi

Enginn áhugi á kynlífi


Frekja

Væl

Jafnræði kynjanna

DÆMISAGA 1

Þú hefur verið í parasambandi í nokkra mánuði. Þú ert 18 ára en kynlífsfélagi þinn 25 ára. Þér finnst hann oftar ráða ferðinni þegar kemur að kynlífi. Þú vilt gjarnan geta sagt það sem þú vilt en átt erfitt með það. Hvers vegna er erfitt fyrir viðkomandi að tjá sig í þessu sambandi? Á hann rétt á því að tjá sig? Setjið fram 2–3 tillögur um setningar sem þessi einstaklingur gæti sagt við kynlífsfélagann til að opna umræðuna um það sem liggur honum á hjarta.



Þú hefur verið í parsambandi í nokkra mánuði. Kynlífsfélagi þinn hefur frá því snemma í sambandinu sýnt með hegðun sinni og orðum að hann sé sá sem ræður. Þú hefur sætt þig við þetta hingað til en þér líður ekki vel með þetta og vilt núna taka málin í þínar hendur. Hvers vegna hefur þú sætt þig við þetta ástand? Hvað viltu gera til að breyta því? Setjið fram 2–3 hugmyndir um setningar sem viðkomandi getur sagt til að gefa til kynna að viðkomandi vilji að báðir aðilar fái að ráða jafnt í sambandinu.

DÆMISAGA 2

Jafnræði kynjanna

SATT - ÓSATT

1. Það er ekki eins viðurkennt í samfélaginu að konur/legghafar stundi sjálfsfróun og karlmenn.
2. Konur/legghafar eiga eingöngu að stunda kynlíf sem er typpi í leggöng.
3. Kona/legghafi sem stundar sjálfsfróun ætti að skammast sín.
4. Konur/legghafar eiga eingöngu að njóta kynlífs með samförum (typpi í leggöng).
5. Ef kona/legghafi sem er í föstu sambandi stundar sjálfsfróun getur það skaðað sambandið.
6. Kona/legghafi sem stundar sjálfsfróun er einmana